

## AUGLÝSING

### um samþykkt skipulagsmál í Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur samþykkt nýtt deiliskipulag og deiliskipulagsbreytingu sem hér segir:

#### *Varmárskólasvæði.*

Deiliskipulagsbreytingin felur í sér að núverandi starfsmannastæði við Varmárskóla eru látin halda sér og sleppistæði sunnan og norðan Skólavegar eru tekin út en aðkomutorg skilgreint. Breytt fyrirkomulag er á biðstöðvum almenningsvagna.

#### *Langavatn 509-f.*

Nýtt deiliskipulag frístundabyggðar við Langavatn felur í sér að skilgreina byggingarreiti og stærðir bygginga á svæðinu ásamt nýjum byggingarskilmálum. Lóðum er fjölgað um eina með skiptingu á L192752 og eru þá níu talsins.

Ofangreind mál hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*F.h. Mosfellsbæjar, 8. júní 2020,*

**Kristinn Pálsson** skipulagsfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 9. júní 2020